

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsbreytingu í Reykjanesbæ.

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 5. febrúar 2019 breytingu á deiliskipulagi fyrir Stapabraut 21.

Breytingin varðar lóðamörk, kartbraut fellur út. Á deiliskipulagssvæðinu er gert ráð fyrir húsnæði og aðstöðu fyrir bílaleigu og aðra ferðatengda þjónustu, þ.m.t. skrifstofu- og þjónustubyggingu, þjónustumiðstöð/verslun, gístiaðstöðu, bílskýli, áhalda- og þjónustuhúsi ásamt bensínafgreiðslu, athafnasvæði og gróður- og útisvæðum/afþreyingarsvæðum. Byggingar verða á einni til tveimur hæðum skv. skilmálum. Um miðbik lóðar liggur þjónustugata með aðkomur frá vestri og austri. Í suðvesturhorni lóðar, verður svæði fyrir merkingar/skilti. Gróðurbelti verður meðfram lóðamörkum að Stapabraut og Reykjanesbraut.

Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Reykjanesbæ, 2. apríl 2019.*

**Kjartan Már Kjartansson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 16. apríl 2019